



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudagurinn, 21. apríl 2008.

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 21. apríl, 2008, kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þórður Pálsson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

Dagskrárliður 1

Ámundakinn ehf. sækir um leyfi fyrir nýju húsi á lóðinni Ægisbraut 1, Blönduósi. Meðfylgjandi eru teikningar frá teiknistofunni Stoð.

Afgreiðsla: Samþykkt, enda berist fullnægjandi teikningar til staðfestingar byggingarfulltrúa.

Dagskrárliður 2

Blönduósbær sækir um leyfi fyrir bílastæðum vegna útsýnisskífu við Draugagil.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

Dagskrárliður 3

Kristján Pálsson sækir um stöðuleyfi fyrir smáhýsi á lóðinni Ennisbraut 1 Blönduósi.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt til eins árs.

Dagskrárliður 4

Lagt er fram bréf frá Fjaska ehf. vegna lagningu á ljósleiðara um Blönduósbæ.

Afgreiðslu frestað þar til gögn berast.

Dagskrárliður 5

Byggingafulltrúi leggur fram lóðablöð fyrir Mýrarbraut 15 og 17 og Þverbraut 2.

Nefndin staðfestir þessi lóðarmörk.

Dagskrárliður 6

Unnur Arnardóttir sækir um leyfi til að setja 2 hurðir á bakhlið hússins að Mýrarbraut 31 Blönduósi.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Dagskrárliður 7

Fundarboð vegna íbúafundar 7. maí 2008.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:35

F.h. byggingafulltrúa, Stefán Arnason (sign.)

Þórður Pálsson (sign.)

Sigurður Jóhannesson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Andrés Leifsson (sign.)